

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í septembermánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í október 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. september 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á legu háspennulínu (Búrfellslínu 3B) frá Hamranesi í Hafnarfirði að Sandskeiði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1990 staðfest skipulagsuppdrátt er sýnir legu háspennulínu (Búrfellslínu 3 B) frá Hamranesi í Hafnarfirði um Garðabæ, Reykjavík, Kópavog og Mosfellsbæ að Sandskeiði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Garðabæjar, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs og bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*